


# ÞORPIÐ VIÐ NYRSTA HAF


Grimsey er nyrsta byggð Íslands og liggur 41 km norður af landi. Hún er 5,3 km² að stærð og lengst 5,5 km og hæsti punktur hennar er 105 m yfir sjávarmáli. Nyrst liggur heimskautsbaugur þvert yfir eyjuna. Vegna legu Grimseyjar er mikill munur á dagsbirtu eftir árstíma. Á stysta degi ársins er dagsbirta í 2 klst og 15 mínútur en í einn mánuð yfir hásumarið sest sólin aldrei og þá er albjart allan sólarhringinn. Lengst af var búið á 10 jörðum í Grimsey en smám saman risu fleiri hús í landi gömlu jarðanna og lítið þorp myndaðist ofan Sandvíkur úr landi gömlu Sandvíkurjarðanna. Íbúar voru flestir 125 í kringum 1930 en eru nú um 80 talsins. Grimseyingar stunduðu sjálfspurftarbúskap og lifðu á því sem sjórin og eyjan gaf af sér. Lengi vel var engin verslun í eyinni en 1883

varð Grimsey löggiltur verslunarstaður. Íbúar pöntuðu vörur frá kaupmönnum á Húsavík og greiddu fyrir með saltfiski og öðrum söluvörum. Eftir 1918 stofnuðu heimamenn verslun og lagðist pöntunarverslun þá af. Kaupfélag Eyfirðinga rak verslun í Grimsey 1929-2000 en í dag er verslunin alfarið í eigu heimamanna. Sjávarútvegur var og er uppistaðan í lífi Grímseyinga enda stutt á góð fiskimið. Í Grimsey var engin höfn frá náttúrunnar hendi, aðeins nokkrir lendingarstaðir í fjörinni, svo að ekki var hægt að stunda sjóinn allt árið um kring. Árið 1935 var fyrsta bryggjan byggð í Sandvíkinni og 1990 var innri höfnin tekin í notkun. Nú er gert út allt árið og í eyinni eru rekin nokkur útgerðar fyrirtæki sem selja bæði saltfisk og ferskan fisk á markað.



„Stúlkur á Eiðabakkanum“ 1928  
Í baksýn er Sandvíkin og fram í hana skagar Sandvíkurhleinin sem notuð var sem náttúruleg bryggja. Upp af Sandvíkinni er þorpið að myndast. Ljósmynd: Matthías Eggertsson.

„Girls in Grimsey“ 1928  
In the background, Sandvík cove and cliffs, used in days gone by as a natural pier. Above the cove the village is growing. Photograph: Matthías Eggertsson.



# THE VILLAGE BY THE ARCTIC CIRCLE



„Í Sandvíkinni“ 1928  
Meðfram fjöruborðinu byggðu Húsavíkurkaupmenn fisk- verkunar- og verslunarhús. Húsið til vinstri er Bjarnahús. Dökka húsið er Pálshús, þar byrjaði KEA verslunarrekstur sinn árið 1929. Næsta hús er Sólberg nýbyggt, eina húsið sem enn stendur. Óþekktur ljósmyndari.

„In Sandvík“ 1928  
Along the shore, Húsavík merchants built premises for fish processing and trading. KEA co-operative society commenced its operations here in 1929. The only house still standing is the three level guesthouse. Unknown photographer.



„Sildarsöltun á stéttinni í Sandvík“ um 1960  
Lengi var allur fiskur verkaður í skreið en eftir 1883 var farið að verka saltfisk og frá 1955 til loka sildaráranna var söltuð sild í Grimsey. Stóra hvíta húsið er Frystihúsið sem var byggt um 1945. Ljósmynd: Guðmundur Jónsson.

„Salting herring in Sandvík“ around 1960  
All fish was, at one time, dried, but after 1883 saltfish processing commenced and the salting of herring was practised in Grimsey from 1955 until the end of the “herring years”. The large white building is the freezing plant, built around 1945. Photograph: Guðmundur Jónsson.

Grimsey Island is Iceland's most northerly settlement. It lies about 41 km off its northern coastline, has an area of 5.3 km<sup>2</sup> and is, at its longest point, 5.5 km in length. The highest point on Grimsey rises to 105 m above sea level, and the Arctic Circle straddles the northernmost part of the island. Because of the island's geographical position, the number of daylight hours differs greatly from season to season. On the shortest day of the year, daylight lasts for 2 hours and 15 minutes while, for a month in summer, the sun never sets and it is bright right around the clock. For centuries there were 10 agricultural holdings on Grimsey, but little by little more houses were built on the land of the old crofts and a small village was born above the Sandvík cove. All the dwellings on Grimsey have names which are used in everyday speech. The people of Grimsey were, through the ages, engaged in sustainable farming, living off the

fruits of land and sea. On most crofts there was a small homestead as well as a few animals. In 1883 Grimsey became an authorised trading post. The islanders ordered goods and had those sent to them by the Örum & Wulff store in Húsavík. After 1918, new stores owned by the inhabitants of Grimsey began to spring up, which marked the end of the old system of trading by order. The Eyjafjörður Cooperative Society ran a store on Grimsey from 1929-2000; this store is now owned by the islanders themselves. Fishing has long been the mainstay of life on Grimsey, which is not surprising as it is but a short distance to rich fishing grounds. Grimsey did not enjoy the benefit of a natural harbour; there were only a few landing places on the shore, which made seagoing a risky pursuit. Up until just after 1900 fishing was conducted from small rowing boats, as the lack of harbour facilities made the use of larger craft much

harder. In 1935 the first pier was built at Sandvík and in 1990 the inner harbour was completed and taken into service. Now there are several fishing companies on Grimsey, marketing both salted and fresh fish.



„Verstun“ 1930's  
Verstun Hólmfríðar S. Geirdal var í turni á húsi sem hét Strandberg sem nú er horfið. Í baksýn sést sildarflotinn í innilegu. Óþekktur ljósmyndari.

„Trading“ 1930's  
This store was in the tower of the house Strandberg, which no longer exists. In the background the fishing fleet shelters in the harbour. Unknown photographer.



# FISKE – VELGJÖRÐARMADUR GRÍMSEYINGA

Fiskehátíð er haldin í Grímsey 11. nóvember á hverju ári til að minnast afmælis Daniels Willard Fiske (1831-1904) sem steig þó aldrei fæti sínum á land í Grímsey.


Fiske var bandarískur prófessor við Cornell háskóla í New York fylki í Bandaríkjunum. Hann lærði íslensku þegar hann var í námi í Danmörku 1849 og safnaði öllu íslensku efni sem til var á prenti auk ljósmynda af Íslandi. Stórt safn íslenskra bóka og ljósmynda er nú varðveitt í Cornell.

Fiske sigldi hringinn í kringum landið 1879. Þá sá hann Grímsey tilsýndar og heillaðist af dugnaði og menningaráhuga íbúanna. Grímseyingar voru góðir skákmenn og þar sem Fiske var mikill áhugamaður um skák

komst hann í bréfasamband við tvo menn í Grímsey. Þar með hófst vináttusamband hans við Grímseyinga sem varði meðan hann lifði.

Árið 1901 færði Fiske Grímseyingum stórt bókasafn sem hann nefndi Eyjarbókasafnið. Það er nú varðveitt í bókasafni skólans í upprunalegum bókaskápum. Í erfðaskrá sinni ánafnaði hann Grímseyingum veglegan peningasjóð, Grímseyjarsjóð Willard Fiske, til að endurbæta húsakostinn og bæta mannlíf í eyjunni. Í þakklætisskyni voru nokkrir drengir í Grímsey skirðir eftir honum.

Minnismerkið um Fiske er eftir Gunnar Árnason myndhöggvara og var gefið af Kiwanis-klúbbum Grími. Það var afhjúpað þann 11. nóvember 1998.




„Taflmenn“ 1902  
Grímseyingar voru mikið áhugafólk um skák. Árið 1901 voru 25% íbúanna taldir vera góðir taflmenn sem var hátt hlutfall íbúa. Í Grímsey tefldu bæði karlmenn og konur. Hér eru myndir af taflmönnum árið 1902.  
Ljósmynd: Cornell háskóli.

„Chess Players“ 1902  
The people of Grímsey, both men and women, were chess enthusiasts. In 1901 25% of the inhabitants were considered good chess players, which is a large percentage of the island's population. Here are pictures of chess players in 1902.  
Photograph: Cornell University.



„Útitaflíð“  
Fiske gaf tafl á hvert heimili í Grímsey og vildi með því viðhalda skákáhuga íbúa. Flest þeirra eru nú töpuð en marmarataflborð eitt hefur varðveist með Eyjarbókasafninu. Með því komu engir taflmenn og sagt er að þeir hafi óvart verið sendir til Grímbsy í stað Grímseyjar.  
– Skákáhuginn er enn fyrir hendi í Grímsey.  
Ljósmynd: Friðbjófur Helgason.

„Outdoor Chess“  
Fiske gave every household in Grímsey a chess set to uphold the islanders' interest in chess. Most of those sets are now lost but a marble chess board has been preserved along with the Island Library. No chessmen accompanied the board and it is said that they were sent by mistake to Grímbsy in the UK.  
– Interest in chess is still very much alive in Grímsey.  
Photographer: Friðbjófur Helgason.



„Willard Fiske“  
Willard Fiske var sannkallaður Íslandsvinur. Hann birti fjölda greina um Ísland í erlendum blöðum og vakti með því móti áhuga útlendinga á landi og þjóð. Hann kunnir fjölda tungumáta og var líklega fyrstur til að kenna íslensku á háskólastigi í Vesturheimi.  
Ljósmynd: Cornell háskóli.

„Willard Fiske“  
Willard Fiske was a true friend of Iceland. He wrote numerous articles on Iceland in foreign publications, thus stimulating interest abroad in the country and its people. He was multilingual, and most likely the first person to teach Icelandic at university level in the Western world.  
Photograph: Cornell University.



„Fiske bókasafnið“  
Grímseyingar lásu mikið og fjölbreytt bókasafnið sem Fiske gaf þeim 1901 kom í góðar þarfir. Á meðan Fiske lifði sendi hann nýjar bækur á hverju ári til safnsins.  
Ljósmynd: Tímaritið Heima er best.

„Fiske Library“  
The people of Grímsey were avid readers and the large and comprehensive library Fiske gave them was greatly welcomed. Throughout his life Fiske sent new books each year to add to the library.  
Photograph: Journal Heima er best.



„Gamla skólahúsið“  
Grímseyingar reistu fyrsta skólahúsið sitt við Miðgarða árið 1905 fyrir styrk úr Fiskesjóðnum sem Fiske ánafnaði Grímseyingum. Húsið var notað til skólalálds og skemmtanahalds fram um 1960 en er nú horfið.  
Ljósmynd: Matthías Eggertsson.

„The School house“  
The first school on Grímsey was built in 1905, using a grant from the Willard Fiske Fund. This building was used for educational and social purposes until around 1960. This house no longer exists.  
Photograph: Matthías Eggertsson.

# FISKE – BENEFACTOR OF GRÍMSEY

The Fiske Festival, on 11 November, is an annual celebration on Grímsey Island and commemorates the birth of Daniel Willard Fiske (1831-1904), although this personage never actually stepped ashore on the island. Fiske was a professor at Cornell University in the state of New York, USA. He learned Icelandic while studying in Denmark in 1849 and collected all the printed and pictorial matter he could find concerning Iceland. A large collection of Icelandic books and photographs are now housed in that university.

Fiske circumnavigated Iceland in 1878 when he saw Grímsey for the first time. He was captivated by the diligence of the island's people and their interest in cultural pursuits. The people of Grímsey were skilled chess players, and, as Fiske was interested in this pastime he established a written correspondence with two of the islanders. This was the beginning of his lifelong friendship with the inhabitants of the island. In 1901 Fiske presented Grímsey Island with a large library which he named "The Island

Library". This is now housed in the village school, in the original bookcases. He also gave a chess set to every household on the island. In his will he left a considerable sum of money, the Willard Fiske Grímsey Fund, to improve buildings and to heighten the islanders' quality of life. In gratitude for this, several island sons were baptized Daniel. The Fiske memorial by Gunnar Árnason, sculptor, and presented by the Kiwanis Club in Grímsey, was unveiled 11 November 1998.



Use the QR code to find out more!